



## Minni spennna á vinnumarkaði

### Áfram svipuð þróun á vinnumarkaði

Nýjar tölur Hagstofunnar um stöðuna á vinnumarkaði í desember sýna svipaða þróun og verið hefur síðustu mánuði, þ.e.a.s. það dregur úr spennunni. Sú staða getur verið merki um að hagsveiflan hafi náð hámarki.

### Fjöldi starfandi eykst lítið

Eftir langvarandi fjölgun starfandi fólks á vinnumarkaði hefur fjöldinn haldist nokkuð stöðugur síðustu mánuði sé miðað við meðaltal síðustu 12 mánaða. Mikil árstíðasveifla er jafnan í vinnumarkaðstölum Hagstofunnar sem eru jafnaðar út með 12 mánaða hlaupandi meðaltali. Störfum er því ekki að fjölga eins mikið og verið hefur.

### Atvinnuþátttaka hefur minnkað töluvert

Atvinnuþátttaka jókst stöðugt frá upphafi ársins 2015 fram til vorsins 2017. Síðan þá hefur dregið úr atvinnuþátttöku um rúmt eitt prósentustig sé miðað við hlaupandi meðaltal. Atvinnuþátttaka er eftir sem áður mikil hér á landi og er nú álíka og hún var vorið 2016 og til muna hærri en hún var á árinu 2012.




### Vinnutími styttest

Meðalvinnutími hefur heldur verið að styttest sé miðað við 12 mánaða meðaltal. Meðalfjöldi vinnustunda hefur verið mjög stöðug stærð í langan tíma, í kringum 40 stundir á viku og breytingar því ekki miklar.

### Vinnustundanoftkun minnkar

Þegar starfandi fólki fækkar samtímis því að meðalvinnutími minnkar er afleiðingin sú að unnum vinnustundum í hagkerfinu fækkar sem er áætis vísbending um stöðu hagsveiflunnar.

Ef landsframleiðslan heldur áfram að aukast en vinnustundum ekki kann þessi staða einnig að vera vísbending um aukna framleiðni eða mælivanda í fjölda vinnustunda og hugsanlega aukna svarta atvinnustarfsemi. Líklegt er er að dregið hafi úr spennu á vinnumarkaði, m.a. vegna þess að þróun kaupmáttar hafi verið það góð að launafólk telji ekki





nauðsynlegt að fjölga vinnustundum til að auka tekjur.

### Vinnumarkaðurinn var í toppi 2016

Séu stærðir á vinnumarkaði bornar saman fyrir þrjú síðustu ár er niðurstaðan almennt sú að vinnumarkaðurinn var í toppi hagsveiflunnar á árinu 2016.

Sé litið á fjöldatölur er um töluverða aukningu að ræða á vinnuafli og fjölda starfandi. Þannig fjölgar vinnuaflinu um u.þ.b. 8 þúsund manns, eða um rúm 4%, milli 2015 og 2017. Fjöldi starfandi jókst um tæp 10 þúsund manns, eða um 5,6%.

Atvinnulausum fækkaði hins vegar um 2 þúsund manns, eða um rúman fjórðung.

### Hlutfallstölur ganga í átt til meiri slaka

Flestar hlutfallstölur sem notaðar eru um stöðu á vinnumarkaði sýna að markaðurinn var í hæstu stöðu á árinu 2016. Þannig var atvinnuþátttaka um einu prósentustigi lægri á árinu 2017 en var 2016.

Hlutfall starfandi var einnig um einu prósentustigi lægra á árinu 2017 en var 2016, en hlutfallið 2017 var engu að síður hærra en var 2015.

Vinnutími var einnig styttri á árinu 2017 en var á árunum 2015 og 2016 og á það bæði við um meðalfjölda vinnustunda og venjulegan vinnutíma.


Eina undantekningin frá þeirri niðurstöðu að slakinn hafi aukist á árinu 2016 eru tölurnar um atvinnuleysi. Atvinnuleysi hélt áfram að minnka á árinu 2017, en þó minna en gerðist á milli áruna 2015 og 2016. Atvinnuleysi er orðið mjög lítið og minnkar væntanlega ekki mikið úr þessu.

### Rólegri tímar framundan á vinnumarkaði?


Nýjustu tölur Hagstofunnar um stöðuna á vinnumarkaði í desember og samanburður síðustu þriggja ára benda eindregið til þess að toppnum hafi verið náð á árinu 2016 og að rólegri tímar séu í vændum. Sú þróun er líka í góðu samræmi við spár flestra greinenda um hagsvöxt og þróun efnahagslífsins á næstu árum.

Í [nýlegri Hagsjá](#) var fjallað um þá óvissu sem aukin þátttaka erlendra starfsmanna getur haft á tölur Hagstofunnar um stöðu á vinnumarkaði. Erlendum ríkisborgurum hér á landi fjölgaði um u.þ.b. 7.500 manns frá fjórða ársfjórðungi 2016 fram til sama

### Vinnumarkaður á þremur árum



### Vinnumarkaður á þremur árum





tíma 2017 og voru þá orðnir um 38 þúsund, eða um 11% af fólksfjölda. Eins og fjallað var um í Hagsjóni eru töluverðar líkur á því að staða þessa fólks lendi utan garðs í þeim könnunum sem gerðar eru á vinnumarkaði.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.